



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1691  
komudagur 14.3.2011

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100  
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. mars 2011 02-2011030007  
G-ums 09/11

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum - 393. mál, þskj. 601.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 2. mars 2011 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint frumvarp.

Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði tímabundið að endurgreiða virðisaukaskatt vegna kaupa á varmadælu og tengdum búnaði til húshitunar.


Í tilefni af þessu vill ríkisskattstjóri taka eftirfarandi fram að samkvæmt meginreglum virðisaukaskatts bera þeir aðilar sem ekki eru í virðisaukaskattsskyldri starfsemi þann virðisaukaskatt sem þeir greiða við kaup á vörum og þjónustu. Það er álit embættisins að forðast beri að fjölga endurgreiðslum til handa þeim sem standa utan virðisaukaskattskerfisins. Í fyrsta lagi auka þær flækjustig við framkvæmd virðisaukaskatts, en nóg er af þeim fyrir og jafnframt eykst hætta á misferlum. Í öðru lagi þá auka endurgreiðslur við álag á starfsfólk í skattkerfinu en hafa ber í huga að reglur um tímabundnar auknar endurgreiðslur á virðisaukaskatti vegna íbúðarhúsnæðis, sbr. og reglur um frádrátt frá tekjuskattsstofni, hafa kostað miklar tilfærslur á starfsmönnum ríkisskattstjóra en afgreiddar hafa verið hátt í 15.000 umsóknir þegar umsögn þessi er rituð. Hafa ber í huga að virðisaukaskattskerfið er tekjuöflunarkerfi fyrir ríkissjóð en ekki tæki til jöfnunar á húshitunarkostnaði. Allar endurgreiðslur kalla á tilflutning á mannafla og dregur það úr tekjumöguleikum ríkissjóðs. Að mati ríkisskattstjóra er tilgangi frumvarpsins betur náð með beingreiðslum úr ríkissjóði.

Ef á hinn bóginn er vilji til að fara þá leið sem frumvarpið stefnir telur ríkisskattstjóri ástæðu til að gera nokkrar athugasemdir. Bendir ríkisskattstjóri á að afmörkunin á gildissviði frumvarpsins er ekki nægilega skýr. Af athugasemdum með 1. gr. frumvarpsins má ætla að endurgreiðslurnar eigi eingöngu að ná til hitunar íbúðarhúsnæðis en ekki atvinnuhúsnæðis. Það er hins vegar ekki tekið fram í ákvæðinu sjálfu. Þá mætti skoða þann möguleika að setja tiltekin fjárhæðarmörk. Ennfremur þykir ríkisskattstjóra ástæða til að benda á að upp kunna að koma álitæfni um það hvaða búnaður eigi að falla undir endurgreiðsluheimildina, sbr. t.d. orðalagið „tengdum búnaði“. Ákvæði þetta er því of óljóst og getur kallað á matskenndar ákvarðanir.

Hvað gildistímann varðar, sbr. 2. gr. frumvarpsins, þá er það mat ríkisskattstjóra að taka megi skýrar fram að heimildinni sé eingöngu ætlað að taka til búnaðar sem keyptur er á gildistíma

laganna enda gefi reikningur í bókhaldi slíkt til kynna.

Virðingarfyllt

  
Skúli Eggert Þorðarson

  
Guðrún J. Jónsdóttir